



ÁRSREIKNINGUR 2024

EFNISYFIRLIT

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	8
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	13
Efnahagsreikningur	14
Sjóðstreymi	15
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar	16
Skýringar	17
Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring	47
Kennitölur - fimm ára yfirlit	58
Samtryggingardeild	63
Séreignardeild	66
Tilgreind séreignardeild	69
Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf og stjórnarháttayfirlýsing - óendurskoðað	72

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Starfsemi sjóðsins

Birta lífeyrissjóður starfar á grundvelli samþykktu og samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Einnig starfar lífeyrissjóðurinn á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 með síðari breytingum. Hlutverk Birtu lífeyrissjóðs er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og með hliðsjón af lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Meðfylgjandi skýrsla stjórnar er birt samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Samþætt reikningsskil sjóðsins samanstanda af ársreikningi, ársskýrslu og upplýsingum á heimasíðu sjóðsins.

Birta lífeyrissjóður starfar á tveimur mörkuðum, íslenskum tryggingamarkaði og fasteignalánamarkaði. Sjóðurinn býður upp á tryggingavernd í formi skyldusparnaðar lífeyrisréttinda, séreignarsparnað og sjóðfélagalán. Samtryggingardeild sjóðsins veitir lágmarkstryggingarvernd samkvæmt samþykktum sjóðsins og lögum þar um og er veigamesti þátturinn í starfsemi sjóðsins. Séreignardeild Birtu veitir viðbótartryggingarvernd í formi séreignarsparnaðar með samningum þar um. Sjóðfélagar hafa kost á að taka fasteignalán hjá sjóðnum að uppfylltum skilyrðum.

Viðskiptalíkan sjóðsins byggir á því að taka á móti iðgjöldum sjóðfélaga, ávaxta þau og greiða út lífeyri samkvæmt samþykktum ásamt því að veita þjónustu. Sú lykilstarfsemi er síðan studd með skipulagi, innviðum, mannauði, viðskiptaþróun og áhættumiðuðum rekstri. Þannig skapar sjóðurinn virði fyrir sjóðfélaga sem og aðra haghafa.

Til að styðja við lykilstarfsemi sjóðsins er til staðar skipurit samþykkt af stjórn sjóðsins og innra verklag og reglur settar af stjórnendum sjóðsins. Einnig hafa þeir eftirlit með rekstrinum. Öflugur mannauður er nauðsynlegur fyrir starfsemi sjóðsins. Viðskiptaþróun styður við sjóðinn með því að fanga tækifæri í ytra umhverfi ásamt því að styðja við lykilstarfsemi með því að innleiða tæknilausnir til að auka skilvirkni og hagkvæmni í rekstri. Rekstur sjóðsins er áhættumiðaður og sérstaklega er miðað við að stýra áhættu í samræmi við áhættuþol og áhættuvilja stjórnar. Nánar er fjallað um áhættustýringu sjóðsins í skýringu 18.

Fjöldi sjóðfélaga, launagreiðenda og iðgjöld

Sjóðurinn starfar í þremur aðaldeildum, samtryggingardeild, séreignardeild og tilgreindri séreignardeild. Um áramót áttu 103.750 einstaklingar réttindi í samtryggingardeild. Á árinu 2024 greiddu 18.892 einstaklingar iðgjald til samtryggingardeildar og 7.766 launagreiðendur. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum, voru 16.875. Á árinu 2024 námu iðgjaldagreiðslur til samtryggingardeildar 23.134 millj. kr. Í árslok 2024 áttu 31.390 einstaklingar réttindi í séreignardeild. Virkir sjóðfélagar í séreignardeild á árinu 2024 voru 2.544. Á árinu 2024 námu iðgjaldagreiðslur til séreignardeildar, fyrir réttindaflutninga og endurgreiðslur, 1.094 millj. kr. sem er hækkun um 4% frá fyrra ári. Í árslok 2024 áttu 2.357 einstaklingar réttindi í tilgreindri séreignardeild. Virkir sjóðfélagar í tilgreindri séreignardeild á árinu 2024 voru 1.567. Á árinu 2024 námu iðgjaldagreiðslur til tilgreindrar séreignardeildar, fyrir réttindaflutninga og endurgreiðslur 615 millj. kr.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Á árinu nutu 18.767 lífeyrisþegar að meðaltali lífeyrisgreiðslna úr samtryggingardeild að fjárhæð 22.107 millj. kr. Lífeyrisþegum fjölgaði um 5,7% á árinu. Lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. lífeyrisgreiðslur í hlutfalli af iðgjaldagreiðslum, nam 95,3% samanborið við 84,8% árið áður. Lögbundið framlag sjóðsins til starfsendurhæfingarsjóðs nam 154 millj. kr. Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar námu 1.165 millj. kr. og lífeyrisgreiðslur tilgreindrar séreignardeildar námu 205 millj. kr. á árinu.

Fjárfestingartekjur og rekstrarkostnaður

Hreinar fjárfestingartekjur voru 71.942 millj. kr. samanborið við 53.369 millj. kr. árið áður. Rekstrarkostnaður sjóðsins, þ.e. skrifstofu- og stjórnunarkostnaður nam 1.013 millj. kr. samanborið við 907 millj. kr. árið áður. Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna er 0,15%, sama hlutfall og árið 2023. Fjöldi stöðugilda á árinu var 28,8 og nam heildarfjárhæð launa 610 millj. kr., þar af voru launatengd gjöld 114 millj. kr.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Hrein eign til greiðslu lífeyris

Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 669.235 millj. kr. í árslok samanbórið við 599.484 millj. kr. árið áður. Hrein eign séreignardeildar nam 22.952 millj. kr. samanbórið við 21.150 millj. kr. árið áður. Hrein eign tilgreindrar séreignardeildar nam 3.920 millj. kr. í árslok samanbórið við 3.148 millj. kr. árið áður. Samanlagðar eignir samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar námu því 696.108 millj. kr. í árslok 2024 en 623.782 millj. kr. í árslok 2023.

Ávöxtun

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2024 var 11,36% sem samsvarar 6,29% raunávöxtun samanbórið við 1,12% raunávöxtun á árinu 2023. Meðalraunávöxtun samtryggingardeildar síðustu 5 ára er 3,06% og síðustu 10 ára 3,99%.

Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2024 sýnir að heildarskuldbindingar sjóðsins voru 4,72% umfram heildareignir en voru 6,63% umfram heildareignir í árslok 2023. Við úttektina er miðað við tryggingafræðilegar forsendur eins og þeim er lýst í reglugerð nr. 391/1998 með síðari breytingum.

Í lok árs 2022 samþykkti Fjármála- og efnahagsráðuneytið nýjar samþykktir sjóðsins þar sem réttindaöflun til framtíðar er aðlöguð að breyttum aðferðum við að meta lífslíkur. Þannig ávinnur hver árgangur sér mismunandi rétt til framtíðar, sem er í samræmi við betri lífslíkur þeirra sem yngri eru. Samkvæmt spá Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um væntar lífslíkur til framtíðar má gera ráð fyrir að lífslíkur batni um tvo mánuði á ári hverju. Þannig er gert ráð fyrir að lífslíkur þeirra sem yngri eru muni batna meira en þeirra sem þegar eru komnir á lífeyri. Viðbrögð Birtu við þessum breytingum voru kynnt á ársfundi sjóðsins árið 2023 hvar ávinnslu réttinda var breytt til framtíðar án þess að gera breytingar á áunnum réttindum. Var þar horft til lagalegrar óvissu við breytingar á áfallinni stöðu sem hefur minnkað eftir dóm Hæstaréttar er varðar málið. Áfallin skuldbinding er neikvæð um 8,08% sem rekja má til ofangreindra breytinga frá 2022. Heildartryggingarstaða Birtu leiðir ekki til þess að gera þurfi breytingar á réttindum samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins og þar sem staðan er lægri en -5% er heldur ekki sérstök krafa til leiðréttingar vegna lagaákvæðis um að óheimilt sé að reka sjóðinn lengur en fimm ár með meiri halla en -5%.

Nánari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu má sjá í sérstöku yfirliti í ársreikningi og í skýringu 15.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegri hafa ekki orðið neindir atburðir sem hafa haft verulega þýðingu á fjárhagsstöðu sjóðsins á reikningsskiladegi. Við mat á verulegri þýðingu er horft til metinnar og væntrar markaðsáætlu eignasafnsins á mánaðargrunni. Þrátt fyrir sveiflur á eignamörkuðum á árinu 2024 og áframhaldandi stríðsrekstur í Evrópu hafa sveiflur frá áramótum ekki verið yfir því sem ætla mátti af gildandi eignasafni og áhættudreifingu. Þá hefur ÍL-Sjóður ákveðið að boða til skuldabréfafundar til að leggja fram tillögu að sérstöku uppgjöri á HFF flokkum sjóðsins sem háð er samþykki kröfuhafa. Það er mat stjórnar að verði tillagan samþykkt muni það ekki hafa verulega þýðingu á fjárhagsstöðu sjóðsins.

Bæði tryggingafræðileg staða Birtu sem og sjóðstreymi benda til þess að sjóðurinn getur staðið af sér tímabundna lækkun á eignamörkuðum eins og þær birtast stjórn á milli mánaða og er vísað til umfjöllunar í fjárfestingar- og áhættustefnu sem og skýringar 18 því til stuðnings.

Upplýsingastarf

Birta lífeyrissjóður birtir tímanlega fyrir ársfund sjóðsins auglýsingu í dagblöðum þar sem gerð er grein fyrir starfsemi og ársreikningi fyrir liðið ár. Sjóðurinn sendir greiðandi sjóðfélögum hálfárslega yfirlit yfir móttækin iðgjöld ásamt útreikningi á áunnum lífeyrisréttindum og gerir sjóðfélögum mögulegt að reikna væntanlegan lífeyrisrétt með sérstakri reiknivél á heimasíðu sjóðsins. Á ársfundi sjóðsins á liðnu ári var m.a. gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningi, fjárfestingarstefnu og tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Á vefsíðu sjóðsins www.birta.is má nálgast almennar upplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Þróun ófjárhagslegra þátta

Árlega er metinn árangur viðskiptalíkans sjóðsins, bæði á eigindlegan og meginindlegan hátt. Meginindlegum tölulegum upplýsingum úr ársreikningi er blandað saman við eigindlegar viðhorfsskannanir sem alla jafna eru birtar á skalanum 1 til 5, þar sem 5 er besta einkunn. Þeir þættir sem horft er til í árangursmati viðskiptalíkans eru nýliðun og ánægja sjóðfélaga, ávöxtun eigna, tryggingafræðileg staða, árangursmat stjórnar, mannauður, viðskiptaþróun, kostnaður og skilvirkni ásamt áhættumiðuðum rekstri og hlítinu við lög og reglur.

Árangursmat lykilstarfsemi sjóðsins felst í að meta þrjá þætti. Nýliðun og ánægja sjóðfélaga er metin með þjónustukönnun í móttöku sjóðsins og horft er til sögulegs samanburðar á fjölda virkra sjóðfélaga. Þegar horft er til meðaltals hreinnar raunávöxtunar samtryggingardeildar til 5 og 10 ára er sjóðurinn yfir 3,5% viðmiði um raunávöxtun sem honum eru sett. Vísað er til skýringar 19 varðandi þróun á ávöxtun sjóðsins og fjölda sjóðfélaga. Tryggingafræðileg staða sjóðsins þarf að vera innan þeirra marka sem samþykktir sjóðsins og lög gera ráð fyrir til að hægt sé að veita þá tryggingavernd sem sjóðurinn vill uppfylla samkvæmt samþykktum. Vísað er til yfirlits um tryggingafræðilega stöðu og skýringar 15 fyrir nánari upplýsingar.

Árangursmat stuðningsstarfsemi felst í árangursmati stjórnar, mannauði, viðskiptaþróun og áhættumiðuðum rekstri og hlítinu við lög og reglur. Stjórn Birtu leggur árlega mat á árangur af stjórnarstarfinu, vísað er til umfjöllunar í ársskýrslu varðandi niðurstöður þess. Markmið sjóðsins er að ráða, efla og halda hæfu og traustu starfsfólki og er horft til starfsmannaveltu og ánægju starfsfólks sem mæld er með Fyrirtæki ársins könnun VR. Nánari upplýsingar um starfsmannamál sjóðsins má finna í viðauka við ársreikninginn sem og í ársskýrslu. Viðskiptaþróun miðar að því að auka skilvirkni í starfsemi sjóðsins, sjá má mælingar á rekstrarkostnaði sem hlutfalli af heildareignum og iðgjöldum ásamt fjölda starfsmanna í skýringu 19. Áhættumiðaður rekstur felst í því að fylgjast með frávikum í starfsemi sjóðsins, virkri áhættustýringu, innra eftirliti og starfandi endurskoðunarnefnd. Einnig hafa ytri aðilar eftirlit með starfsemi sjóðsins. Leitast er við að draga úr frávikum í starfsemi sjóðsins eins og kostur er og er það metið af stjórn, endurskoðunarnefnd og stjórnendum.

Nánar er fjallað um niðurstöður árangursmats viðskiptalíkansins í ársskýrslu sjóðsins.

Stjórnarhættir

Stjórn sjóðsins er skipuð fulltrúum launamanna og samtaka atvinnurekenda að jöfnu og er hún ábyrg fyrir stefnumörkun sjóðsins ásamt því að hafa eftirlit með því að hann starfi í samræmi við lög og reglur. Undirnefnd stjórnar er endurskoðunarnefnd sem starfar eftir reglum settum af stjórn. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og hefur yfirumsjón með daglegum rekstri sjóðsins.

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur sett sér starfsreglur og er þar leitast við að fylgja gildandi "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja". Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is. Sjóðurinn fylgir leiðbeiningunum í meginatriðum og hefur samkvæmt samþykktum skipulagt sérstakar valnefndir. Stjórnarháttayfirlýsing sjóðsins felur ekki í sér greiningu á umhverfis- og félagslegum þáttum sem gert er grein fyrir í viðauka við ársreikning og ársskýrslu. Stjórn leggur reglulega mat á árangur og kemur slíkum upplýsingum á framfæri við valnefnd. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í sérstakri yfirlýsingu stjórnar í viðauka við ársreikninginn.

Stjórn sjóðsins hefur sett sér og sjóðnum fjölmargar stefnur sem birtar eru á heimasíðu sjóðsins. Þar má nefna starfskjara- og jafnlaunastefnur auk samskipta- og siðareglna sem varða starfsfólk sjóðsins. Jafnlaunakerfi sjóðsins er vottað. Þar að auki hefur sjóðurinn sett sér eigenda- og fjárfestingarstefnur ásamt því að vera aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar, allt stefnur er varða fjárfestingarstarfsemina. Þá hefur sjóðurinn sett sér áhættustefnu sem byggir á ákvæðum laga, reglugerða og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um áhættustjórnkerfi í starfseminni. Að endingu hefur sjóðurinn sett sér umhverfisstefnu og hefur umhverfisstjórnkerfi sem vottað er af þriðja aðila. Auk þess hlítir sjóðurinn reglum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Skrifstofu- og rekstrarsvið útbýr reikningsskil sjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um ársreikninga lífeyrissjóða. Áður en árs- og árshlutareikningar eru lagðir fyrir stjórn til samþykktar fer endurskoðunarnefnd yfir reikningsskilin ásamt því að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð þeirra. Ársreikningar sjóðsins eru endurskoðaðir og árshlutareikningar kannaðir af ytri endurskoðendum.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Áhættuþættir og áhættustýring

Stjórn setur sjóðnum áhættustefnu með það að markmiði að auka öryggi í starfsemi sjóðsins. Stefnan byggir á ákvæðum laga og reglugerðar nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Auk þess er stuðst við tilmæli OECD/IOPS er varða áhættustjórnkerfi lífeyrissjóða. Stjórn sjóðsins ber að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, meta, vakta og stýra áhættu í starfsemi sinni, skv. 9. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997.

Sjóðurinn hefur skilgreint helstu áhættuþætti sem taka til starfsemi sjóðsins sem eru; markaðsáhætta, verðbólguáhætta, landsáhætta, gjaldmiðlaáhætta, pólitísk áhætta, orðsporsáhætta, samþjöppunaráhætta, skerðingaráhætta, lýðfræðileg áhætta og réttindaflutningsáhætta. Stjórn hefur sett fram áhættuvilja sinn og skilgreint hefur verið áhættuþol sjóðsins eins og mögulegt er á mælanlegan hátt, eftir helstu áhættuþáttum sbr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997. Segja má að áhætta sé óvæntur atburður sem spá má fyrir um líkur á að raungerist og leggja má mat á möguleg áhrif hans. Óvissa er óvæntur atburður en líkur þess að slíkur atburður raungerist er ekki hægt að spá fyrir og mæla. Meginmarkmið áhættustefnu Birtu er að minnka líkur á skerðingu á réttindum sjóðfélaga til lengri tíma, ásamt því að móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins til lengri tíma með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Markmiðið með að setja sjóðnum áhættustefnu er að starfsmenn og stjórn sjóðsins hafi góða yfirsýn yfir þá áhættuþætti sem eru til staðar hjá sjóðnum og geti metið hugsanleg áhrif þeirra á sjóðinn. Sjóðurinn leggur áherslu á að starfsmenn hafi skilning á hlutverki sínu í áhættustýringu sjóðsins og taki þátt í henni m.a. með því að vera meðvituð um mikilvægi eftirlitskerfis og taki þátt í innleiðingu áhættumenningar hjá sjóðnum.

Áhættustefna Birtu er aðgengileg á vef sjóðsins. Einnig má sjá nánari lýsingu á áhættustefnu og þeim áhættuþáttum sem sjóðurinn stendur frammi fyrir í skýringu 18 í ársreikningnum. Stjórn sjóðsins lýsir hér með yfir að áhættustýring sjóðsins sé fullnægjandi er viðkemur starfsemi sjóðsins og áhættustefnu hans.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Stjórn hefur markað þá stefnu að mikilvægi samfélagslegs hlutverks sjóðsins er haft að leiðarljósi í starfsemi hans. Ítarlega er gerð grein fyrir þeim viðmiðum sem sjóðurinn hefur sett sér um ófjárhagslegar upplýsingar í viðauka við ársreikninginn og í ársskýrslu sem gerð er í samræmi við alþjóðlegan GRI staðal og ætlað er að uppfylla ákvæði d-liðar 66. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Við fjárfestingarárskvarðanir er gætt að því að fyrirtæki fylgi viðurkenndum viðmiðum um góða stjórnarhætti og viðskiptasiðferði.

Sjóðurinn hefur virkt umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við ISO 14001 staðalinn og virkt jafnlaunakerfi í samræmi við ÍST 85:2012 staðalinn sem vottuð eru af ytri vottunaraðila.

Birta lífeyrissjóður hefur sett sér sérstaka umhverfis- og starfsmannastefnu sem ætlað er að sporna við áhættu og óvissuþáttum sem tengjast ofangreindum þáttum. Sjóðurinn hefur kolefnisjafnað rekstur og vinnur að sérstöku umhverfismati á öllum eignum. Leitast er við að birta alla þá mælikvarða sem tengjast samfélagsþáttum í rekstri sjóðsins í viðauka við ársreikning, rýna þá og spegla við mótaðila Birtu í viðskiptum sem og í eignasafni.

Umhverfisáhætta er dæmi um áhættuþátt sem greina þarf með gögnum frá sem flestum mótaðilum Birtu ef vel á að vera. Sjóðurinn fylgist með innleiðingu á löggjöf sem ætlað er að bæta aðgengi fjárfesta að UFS upplýsingum. Sjóðurinn hefur þegar aðlagð sig að slíkri upplýsingagjöf samanber birtingu ársskýrslu í samræmi við alþjóðlegan staðal, GRI. Gert er ráð fyrir að þessari innleiðingu ljúki á næstu árum og mun þá upplýsingagjöf og geta sjóðsins til að meta UFS áhættu batna til muna.

Virðisbreytingar á eignamörkuðum til lengri tíma teljast eðli málsins samkvæmt til mikilvægustu áhrifa á markmið Birtu, að greiða verðtryggðan lífeyri í samræmi við samþykktir og sett 3,5% viðmið um raunávöxtun til lengri tíma. Raunveruleg ávöxtun iðgjalda er háð aðstæðum á eignamörkuðum til skemmri og lengri tíma og þegar horft er til uppsöfnunar eigna yfir 40 ára inngreiðslutímabil og 15 - 20 ár á lífeyri, ræður hvert prósent í ávöxtun miklu. Það er tiltrú stjórnar og starfsmanna Birtu að með aðild að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar þar sem horft er til Heimsmarkmiða þeirra um sjálfbæra þróun muni draga úr neikvæðum áhrifum á eignasafn Birtu og þar með auka líkur á að sjóðurinn nái markmiðum sínum. Nánar er gerð grein fyrir aðgerðum í fjárfestingar- og áhættustefnu Birtu.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.

Vísað er til nánari umfjöllunar um umhverfis-, félagslega og stjórnunarlega þætti í viðauka við ársreikning og í ársskýrslu sjóðsins.

Áhrif óvissu í ytra starfsumhverfi

Birta lífeyrissjóður er langtímafjárfestir og hugmyndafræði sjóðsins gengur út á að dreifa eignum og takmarka þannig áhættu. Markmiðið er að taka meðvitaða áhættu sem skilar sjóðnum virðisauka í samræmi við þá áhættu sem tekin er. Eðli málsins samkvæmt býr sjóðurinn við varanlega óvissu sem óhjákvæmilega felst í því að safna eignum á móti skuldbindingum. Ítarlega er gerð grein fyrir mögulegum breytingum á helstu forsendum í næmnigreiningu í skýringu 18 og í sérstakri umfjöllun um áhættustýringu í ársskýrslu.

Lýkilstarfsemi Birtu er lögboðin og þeir þættir sem líklegir eru til að hafa áhrif á þá starfsemi eru taldir til stuðningsstarfsemi sjóðsins. Þannig hefur upplýsingatækni haft mikil áhrif á fjármálaþjónustu í bráð og lengd og hefur Birta skilgreint viðskiptaþróun sem stuðningsstarfsemi á upplýsinga- og tæknisviði sjóðsins til að mæta þeim áskorunum sem fylgja. Til samræmis við það þá lítur áhættumiðaður rekstur að vörnum í upplýsingatækni, fyrirbyggjandi aðgerðum sem ætlað er að draga úr áhættu netárásam. Að sama skapi er leitast við að gera starfsfólk meðvitað um þá áhættu sem tengist netárásam og þannig fléttast einstaka þættir í stuðningsstarfsemi við þróun ytri þátta sem líklegir eru til að hafa áhrif á sjóðinn.

Áhrif af starfsemi sjóðsins má meta á nokkra vegu. Sjóðurinn hefur markað sér stefnu í samfélagsábyrgð og felst það m.a. í að sjóðurinn er aðili að ýmsum samtökum svo sem UN-PRI, UN Global Compact, GRI, Heimsmarkmiðum SP, IcelandSIF, VIRK og Landssamtökum lífeyrissjóða. Einnig hefur sjóðurinn áhrif á samfélagið með skattspori sínu, sem nær yfir þá skatta sem hljóta af og greiðast í tengslum við rekstur sjóðsins. Sjá má nánari umfjöllun um samfélagsþátttöku sjóðsins í ársskýrslu.

Vætanleg þróun sjóðsins og framtíðarhorfur

Birta lífeyrissjóður mun eftir sem áður leitast við að ávaxta eignir í samræmi við fjárfestingarstefnu sem aðgengileg er á heimasíðu sjóðsins. Í fjárfestingarstefnu er gerð grein fyrir efnahagshorfum, aðstæðum á mörkuðum og þeim forsendum sem stjórn gefur sér við mótun fjárfestingarstefnunnar. Vísað er til fjárfestingarstefnu sjóðsins til frekari skýringa á horfum til skemmri og lengri tíma.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitund okkar er ársreikningur sjóðsins fyrir árið 2024 saminn í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015 og gefur glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans þann 31.12.2024 sem og yfirliti yfir breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2024. Jafnframt er það mat okkar að skýrsla stjórnar ásamt skýringu 18 um áhættuþætti í starfsemi og áhættustýringu, sem vísað hefur verið til, geymi glögggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri sjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættu- og óvissuþáttum sem sjóðurinn stendur frammi fyrir.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Stjórn og framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs staðfesta hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. mars 2025


Í stjórn Birtu lífeyrissjóðs



Hrönn Jónsdóttir
formaður


Þóra Eggertsdóttir
varaformaður



Bára Laxdal Halldórsdóttir


Hafliði Kristjánsson


Jakob Tryggvason


Ólöf Linda Sverrisdóttir


Sigurður R. Ragnarsson


Skúli Skúlason


Ólafur Sigurðsson
framkvæmdastjóri

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga Birtu lífeyrissjóðs

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Birtu lífeyrissjóðs fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2024, efnahag hans 31. desember 2024, breytingu á handbæru fé á árinu 2024 og tryggingafræðilegrar stöðu samtryggingardeildar 31. desember 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Birtu lífeyrissjóði í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, höfum við ekki veitt Birtu lífeyrissjóði óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins árið 2024. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi áliti á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Megináhersla við endurskoðun

Óskráð verðbréf

Vísað er í skýringu nr. 8 fyrir eignarhluti í félögum og sjóðum og skýringu nr. 9 um skuldabréf.

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru 378,2 ma.kr. í árslok 2024 eða 54,3% af heildareignum sjóðsins, af því eru 100,1 ma.kr. óskráðir. Skuldabréf eru 301,8 ma.kr. í árslok 2024 eða 43,3% af heildareignum sjóðsins, af því eru 57,6 ma.kr. óskráð.

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru færðir á gangvirði og er notast við ákveðna þrepaskiptingu gangvirðis við verðmat á þeim eignum. Verðmat á stigi 1 byggir á skráðu verði á virkum markaði, stig 2 byggir á verðlagningu á markaði fyrir samskonar eða sambærilegar eignir, beint eða óbeint, og stig 3 byggir á öðrum upplýsingum en markaðsupplýsingum, þ.e. almennt viðurkenndum matsaðferðum fyrir virði óskráðra eigna og byggir á mati stjórnenda.

Skuldabréf eru færð annað hvort á gangvirði eða á afskrifuðu kostnaðarverði. Við mat á gangvirði skuldabréfa er notast við sömu þrepaskiptingu og í eignarhlutum í félögum og sjóðum. Afskrifað kostnaðarverð miðar við ávöxtunarkröfu við kaup.

Þar sem um er að ræða verulegan matskenndan lið teljum tilvist og virði óskráðra verðbréfa vera megináherslu við endurskoðun okkar.

Hvernig við endurskoðuðum megináherslur

Við endurskoðun á óskráðum verðbréfum höfum við farið yfir það innra eftirlit sem er til staðar hjá sjóðnum við skráningu og mat verðbréfa. Við prófuðum viðeigandi eftirlitsþætti í fjárfestingaferli sjóðsins.

Við lögðum mat á aðferðafræðina og þær forsendur sem stjórnendur leggja til grundvallar á virðismati óskráðra verðbréfa og hvort aðferðin breyttist milli ára. Upplýsingarnar voru raktar til undirliggjandi gagna og útreikningar voru yfirfarnir.

Með úrtaksprófunum höfum við staðfest tilvist óskráðra bréfa og eignarhald sjóðsins á verðbréfunum. Einnig höfum við yfirfarið mat stjórnenda og þær forsendur sem notaðar eru við mat á óskráðum verðbréfum.

Við höfum farið yfir mat stjórnenda á niðurfærsluþörf óskráðra bréfa, þeim forsendum sem lágu til grundvallar og hvort niðurfærslan væri nægjanleg og viðeigandi. Við höfum farið yfir hvort skýringar verðbréfa séu í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Tryggingafræðileg staða

Vísað er í yfirlit um tryggingafræðilega stöðu og skýringu nr. 15 um lífeyrisskuldbindingar. Tryggingafræðileg staða í árslok er neikvæð um 4,72% og eru eignir sjóðsins 48,8 ma. kr. lægri en heildarskuldbinding í árslok.

Tryggingafræðileg staða segir til um getu sjóðsins til að standa við lífeyrisskuldbindingar sínar. Tryggingafræðileg staða sjóðsins felst í að reikna annars vegar áfallnar skuldbindingar miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingar miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Útreikningurinn er framkvæmdur af óháðum tryggingastærðfræðingi og byggir að stórum hluta á matskenndum forsendum.

Þar sem um er að ræða verulegan matskenndan lið teljum við tryggingafræðilega stöðu vera megináherslu við endurskoðun okkar.

Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, viðauka um ófjárhagslega upplýsingagjöf og stjórnarháttayfirlýsingu.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum sem við fengum fyrir áritunardag ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Við endurskoðun á tryggingafræðilegri stöðu höfum við farið yfir það innra eftirlit sem er til staðar hjá sjóðnum við yfirferð og mat á tryggingafræðilegri stöðu.

Við höfum farið yfir faglega hæfni og fengið staðfestingu á óháði tryggingastærðfræðingsins sem framkvæmdi útreikninginn á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.

Við lögðum mat á aðferðafræðina og þær forsendur sem liggja til grundvallar á útreikningi á tryggingafræðilegri stöðu og hvort aðferðin breyttist milli ára. Upplýsingarnar voru raktar til undirliggjandi gagna og greiningaraðgerðir gerðar á stöðu sjóðsins milli ára.

Við höfum farið yfir hvort yfirlit og skýringar um tryggingafræðilega stöðu séu í samræmi við útreikning sjóðsins, lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Birtu lífeyrissjóðs. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem við eigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur félagsins hefur Deloitte veitt félaginu ýmsa aðra heimilaða þjónustu svo sem könnun árshlutareiknings. Deloitte hefur til staðar innri ferla til að tryggja óhæði sitt áður en við tökum að okkur önnur verkefni. Deloitte hefur staðfest skriflega við endurskoðunarnefndina að við erum óháð Birtu lífeyrissjóði.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Önnur mál

Ársreikningur sjóðsins fyrir árið sem endaði 31. desember 2023 var áritaður af öðrum endurskoðanda sem veitti fyrirvaralaus áritun á þann ársreikning þann 21. mars 2024.

Kópavogur, 20. mars 2025

Deloitte ehf.

Jóhann Óskar Haraldsson
löggiltur endurskoðandi

YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2024

Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar

	Skýr.	2024	2023
IÐGJÖLD			
Iðgjöld sjóðfélaga		6.968.916	6.748.499
Iðgjöld launagreiðenda		17.892.258	17.561.374
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(59.690)	(68.195)
		24.801.484	24.241.677
Sérstök aukaframlög	3	232.232	233.563
		25.033.716	24.475.240
LÍFEYRIR			
	4		
Heildarfjárhæð lífeyris		23.477.249	20.307.315
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		153.554	145.614
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		6.794	6.154
Eftirlaun frá Tryggingarstofnun		(563)	(588)
		23.637.033	20.458.496
HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR			
	5		
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	5.1	48.307.215	25.584.046
Hreinar tekjur af skuldabréfum	5.3	23.361.832	27.453.144
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		343.466	399.423
Vaxtatekjur af handbæru fé		217.641	200.604
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		112.885	118.488
Fjárfestingargjöld	6	(400.659)	(387.041)
		71.942.381	53.368.664
REKSTRARKOSTNAÐUR			
	7		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		1.013.427	906.565
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		72.325.637	56.478.842
Hrein eign frá fyrra ári		623.781.956	567.303.113
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		696.107.592	623.781.956

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2024

Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
EIGNIR			
FJÁRFESTINGAR			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	8	378.193.104	335.768.061
Skuldabréf	9	301.813.389	275.877.231
Bundnar bankainnstæður		6.100.115	5.396.863
Aðrar fjárfestingar	10	14.180	18.770
		686.120.787	617.060.925
KRÖFUR	11		
Kröfur á launagreiðendur		2.762.004	3.044.377
Aðrar kröfur		3.779.898	236.438
		6.541.902	3.280.815
ÝMSAR EIGNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	911.669	893.160
Handbært fé		3.372.394	3.261.399
Eignir samtals		696.946.752	624.496.298
SKULDIR			
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	13	138.156	115.545
Aðrar skuldir	14	701.004	598.797
		839.160	714.342
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		696.107.592	623.781.956
Hrein eign til greiðslu lífeyris greinist þannig			
Samtryggingardeild		669.235.415	599.483.570
Séreignardeild		22.952.452	21.150.438
Tilgreind séreignardeild		3.919.725	3.147.948
		696.107.592	623.781.956

Skuldbindingar utan efnahags

16

SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2024

Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar

	2024	2023
INNGREIÐSLUR		
Iðgjöld	25.278.943	23.961.631
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	639.820	745.516
Aðrar inngreiðslur	313.964	268.391
	26.232.727	24.975.538
ÚTGREIÐSLUR		
Lífeyrir	23.619.915	20.481.279
Rekstrarkostnaður	949.461	882.388
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	56.113	31.865
Aðrar útgreiðslur	3.736.504	405.245
	28.361.994	21.800.777
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	(2.129.267)	3.174.761
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	2.439.231	3.532.753
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(31.098.119)	(44.957.820)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	32.522.307	27.887.141
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	31.497.060	30.175.203
Keypt skuldabréf	(44.555.905)	(43.594.430)
Seld skuldabréf	12.105.045	20.126.714
Ný bundin innlán	(703.251)	(608.667)
	2.206.367	(7.439.106)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	77.100	(4.264.344)
Gengismunur af handbæru fé	33.895	(27.331)
Handbært fé í upphafi árs	3.261.399	7.553.074
Handbært fé í árslok	3.372.394	3.261.399

YFIRLIT UM TRYGGINGAFRÆÐILEGA STÖÐU SAMTRYGGINGARDEILDAR

EIGNIR	Skýr.	31.12.2024		
		Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris		669.235.415	0	669.235.415
Mismunur á bókf. verði og núvirði skuldabréfa		4.179.425	0	4.179.425
Núvirði framtíðariðgjalda		0	312.684.637	312.684.637
		673.414.840	312.684.637	986.099.477

SKULDBINDINGAR

Ellilífeyrir		647.949.835	261.923.317	909.873.153
Örorkulífeyrir		36.319.184	19.746.140	56.065.324
Makalífeyrir		35.807.671	8.181.634	43.989.304
Barnalífeyrir		425.850	1.373.231	1.799.081
Fjölskyldulífeyrir		0	950.209	950.209
Rekstrarkostnaður		12.085.156	10.145.443	22.230.599
		732.587.697	302.319.974	1.034.907.671
Eignir umfram skuldbindingar	15	(59.172.857)	10.364.663	(48.808.194)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		(10,60%)	2,29%	(6,63%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í lok árs		(8,08%)	3,43%	(4,72%)

EIGNIR		31.12.2023		
		Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris		599.483.570	0	599.483.570
Mismunur á bókf. verði og núvirði skuldabréfa		6.855.834	0	6.855.834
Núvirði framtíðariðgjalda		0	308.484.726	308.484.726
		606.339.404	308.484.726	914.824.130

SKULDBINDINGAR

Ellilífeyrir		597.326.248	258.689.840	856.016.088
Örorkulífeyrir		35.523.831	21.492.990	57.016.821
Makalífeyrir		33.654.762	8.349.141	42.003.903
Barnalífeyrir		421.512	1.820.227	2.241.739
Fjölskyldulífeyrir		0	1.073.826	1.073.826
Rekstrarkostnaður		11.295.893	10.160.834	21.456.727
		678.222.246	301.586.858	979.809.103
Eignir umfram skuldbindingar	15	(71.882.842)	6.897.869	(64.984.974)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		(10,07%)	1,66%	(6,38%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í lok árs		(10,60%)	2,29%	(6,63%)

SKÝRINGAR

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktar sjóðsins.

Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Einnig starfar lífeyrissjóðurinn á grundvelli samkomulags stéttarfélaga og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir sambærileg lágmarksréttindi og þar greinir miðað við jafnar greiðslur iðgjalda í 40 ár. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir, samtryggingardeild, séreignardeild og tilgreinda séreignardeild. Tilgreind séreignardeild byggist á kjarasamningum ASÍ og SA og var samþykktum sjóðsins breytt á aukaársfundi sjóðsins þann 22. júní 2017 til að heimila móttöku iðgjalds í tilgreinda séreignardeild. Heimilt var að ráðstafa hluta eða öllu iðgjaldi umfram 12% skylduframlag í tilgreinda séreign frá og með 1. júlí 2017. Þann 1. janúar 2022 hóf tilgreind séreignardeild að bjóða þrjár ávöxtunarleiðir líkt og séreignardeild og byggist fjárfestingarstefna tilgreindrar séreignardeildar á fjárfestingarstefnu séreignardeildar. Frá og með 1. janúar 2023 er öllum sjóðfélögum heimilt að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldshluta til tilgreindrar séreignardeildar.

Birta lífeyrissjóður er með aðsetur að Sundagörðum 2, 104 Reykjavík.

2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum.

2.2 Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er bæði starfsrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins.

2.3 Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu. Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á ársreikning lífeyrissjóðsins:

- i) Gangvirði óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum, sjá skýringu 8.
- ii) Tryggingafræðilega stöðu, sjá skýringu 15.

2.4 Iðgjöld

Iðgjöld eru færð til bókar þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem krafa á launagreiðendur. Áætlað er fyrir ógreiddum iðgjöldum samtryggingardeildar í árslok m.v. fyrri reynslu og eru þau eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi. Sérstök aukaframlög er hlutdeild launagreiðenda samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er einnig fært undir liðinn sérstök aukaframlög. Iðgjöld í séreignarsjóð eru færð til bókar þegar þau hafa verið greidd til sjóðsins. Önnheimt iðgjöld eru færð til eignar með áföllnum vöxtum.

2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR, FRH.

2.5 Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í rekstur sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu 6 um fjárfestingargjöld.

Undir þennan lið falla arðgreiðslur, söluhagnaður og sölutap sem og breytingar á gangvirði. Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir. Í skýringu 5.2 má sjá breytingar á gangvirði 20 stærstu fjárfestinga sjóðsins í félögum og sjóðum.

b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu 6 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökupóknarir af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld. Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

c) Aðrar fjárfestingartekjur

Undir liðinn aðrar fjárfestingartekjur falla m.a. tekjur af fullnustueignum sjóðsins.

d) Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið eru færð fjárfestingargjöld og þóknarir til fjármálafyrirtækja vegna umsýslu og vörslugjalda. Í skýringu 6 er greint frá áætlaðri umsýslubóknun vegna fjárfestinga sjóðsins í innlendum og erlendum verðbréfa- og framtakssjóðum.

2.6 Rekstrarkostnaður

Aðrar skuldir (inneign hjá samtryggingu/séreign)	(70.755)	(25.353)	(2.327)	(98.435)	(78.657)
	(70.755)	(25.353)	(2.327)	(98.435)	(78.657)
Hrein eign sjóðfélaga í lok árs til greiðslu lífeyris	400.666	122.639	3.396.420	3.919.725	3.147.948

SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2024

Sundurgreint yfirlit tilgreindra séreignarleiða

INNGREIÐSLUR

lögjöld	197.045	51.208	320.861	569.115	560.967
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	18.574	99	6.126	24.799	17.636

ÚTGREIÐSLUR

Lífeyrir	21.946	1.381	176.845	200.171	188.612
Rekstrarkostnaður	894	270	9.584	10.748	8.559
Aðrar útgreiðslur	154.733	50.671	105.634	311.038	268.391

Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga

FJÁRFESTINGARHREYFINGAR

Innb. tekjur af eignarhlutum í fél. og sj.	0	0	2.470	2.470	3.195
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	0	(394)	(54.176)	(54.570)	(217.421)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	0	531	51.944	52.475	148.907
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	0	9.286	117.523	126.809	139.303
Keypt skuldabréf	0	(14.525)	(413.151)	(427.676)	(507.339)
Seld skuldabréf	0	6.438	148.907	155.345	378.147
Ný bundin innlán	(38.046)	0	0	(38.046)	(16.131)

Hækkun (lækkun) á handbæru fé	0	321	(111.559)	(111.238)	41.702
Gengismunur af handbæru fé	0	0	548	548	(2.431)
Handbært fé í upphafi árs	0	1.062	155.497	156.560	117.289

Handbært fé í árslok

Innláns leið	Skuldabréfa leið	Blönduð leið	Samtals 2024	Samtals 2023
197.045	51.208	320.861	569.115	560.967
18.574	99	6.126	24.799	17.636
215.619	51.307	326.987	593.913	578.603
21.946	1.381	176.845	200.171	188.612
894	270	9.584	10.748	8.559
154.733	50.671	105.634	311.038	268.391
177.573	52.322	292.063	521.958	465.562
38.046	(1.015)	34.924	71.956	113.041
0	0	2.470	2.470	3.195
0	(394)	(54.176)	(54.570)	(217.421)
0	531	51.944	52.475	148.907
0	9.286	117.523	126.809	139.303
0	(14.525)	(413.151)	(427.676)	(507.339)
0	6.438	148.907	155.345	378.147
(38.046)	0	0	(38.046)	(16.131)
(38.046)	1.336	(146.483)	(183.193)	(71.339)
0	321	(111.559)	(111.238)	41.702
0	0	548	548	(2.431)
0	1.062	155.497	156.560	117.289
0	1.384	44.487	45.871	156.560

VIÐAUKI: ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF ÓENDURSKOÐAÐ

STJÓRNARHÆTTIR

Stjórn Birtu lífeyrissjóðs hefur með stjórnháttaryfirlýsingu einsett sér að starfsemi sjóðsins verði í samræmi við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti á hverjum tíma. Neðangreindum þáttum er ætlað að gera sjóðnum mögulegt að mæla árangur af framfylgni með stjórnarháttum og eru þeir tilgreindir í samræmi við mat stjórnar og stjórnenda á helstu áhættuþáttum sem tengjast stjórnarháttum í starfseminni.

Fjárfestingar í innviðum og þjónustu samfélagsins

Birta lífeyrissjóður kemur að margvíslegum samfélagsverkefnum með ýmsum hætti. Sjóðurinn er aðili að Landssamtökum lífeyrissjóða sem gæta hagsmuna sjóðfélaga og lífeyrissjóða ásamt því að vera málsvari gagnvart stjórnvöldum og öðrum varðandi lífeyrismál og hagsmuni tengda þeim.

Á árinu 2017 voru samtök um ábyrgar fjárfestingar á Íslandi (IcelandSIF) stofnað og var Birta lífeyrissjóður meðal 23 stofnfélaga samtakanna. Tilgangur samtakanna er að stuðla að aukinni þekkingu og umræðu um aðferðarfræði sjálfbærna og ábyrga fjárfestinga.

Einnig er Birta lífeyrissjóður aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN-PRI) og alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna (UN Global Compact). Sjóðurinn gefur út ársskýrslu sína í samræmi við Global Reporting Initiative (GRI) og hefur sett sér markmið tengd stefnumótun sjóðsins við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Birta lífeyrissjóður samdi við Skógræktina um gróðursetningu og skógrækt á alls þremur hekturum lands í Haukadal sem hluta af Grænum sporum Birtu. Markmiðið er að kolefnisjafna starfsemi lífeyrissjóðsins sjálfs, stjórnarmanna og starfsfólks. Þannig tekur Birta ábyrgð á afleiðingum eigin reksturs fyrir náttúruna, stuðlar að því að draga úr koldíoxíði í andrúmslofti og binda jarðveg á gróðursnaðu svæði. Kolefnisbinding og kolefnisforði í trjám, botngróðri og jarðvegi í Haukadal verður eign Birtu til ársins 2068.

Óbein efnahagsleg áhrif og umfang þeirra

Stjórn og starfsmenn telja að Birta lífeyrissjóður hafi jákvæð áhrif á sitt nánast umhverfi og að viðskipti sjóðsins stuðli að skilvirkari fjármálamarkaði. Að fjárfestingar sjóðsins í atvinnulífinu stuðli að skilvirkari samfélagi og uppbyggingu og nýsköpun í atvinnulífi landsins með arðbærum hætti. Að kaup sjóðsins á skuldabréfum, bæði af fyrirtækjum og sjóðfélögum leiði til skilvirkari og samkeppnishæfari fjármálastarfsemi á Íslandi. Að uppbygging sparnaðar til að mæta framtíðar lífeyrisskuldbindingum sé til hagsbóta fyrir samfélagið og stuðli að jákvæðum efnahagslegum áhrifum.

Greining á spillingaráhættu

Til að sjóðurinn sinni hlutverki sínu sem best hefur stjórn Birtu sett samskipta- og siðareglur til að stuðla að góðum starfsháttum og samskiptum. Einnig eru til staðar reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka samþykktar af stjórn.

Hjá sjóðnum er starfandi regluvörður ásamt áhættustjóra sem sinna eftirliti með spillingaráhættu og fylgni við framangreindar reglur.

Samskipta- og siðareglur sjóðsins eru kynntar starfsmönnum við ráðningu en þær taka meðal annars á því hvað teljist góðir starfshættir, hagsmunaárekstrum, meðferð trúnaðarupplýsinga, samfélagslegri ábyrgð, starfstengdum ferðum og boðsferðum, gjöfum, öðrum störfum og tilkynningu brota á samskipta- og siðareglum. Reglurnar má finna á heimasíðu sjóðsins, birta.is.

Upplýsingamiðlun og þjálfun í ferlum og stefnum sem varða spillingu

Starfsmenn sjóðsins fá reglulega fræðslu tengda aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Ríkar kröfur eru gerðar til stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins og er kveðið á um hæfisskilyrði þeirra í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Stjórnarmenn sjóðsins sem og framkvæmdastjóri hafa verið metnir hæfir af Fjármálaeftirlitinu.

VIÐAUKI: ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF ÓENDURSKOÐAÐ

STJÓRNARHÆTTIR, FRH.

Kjarasamningar

Starfsmenn sjóðsins vinna eftir kjarasamningi sem undirritaður var 14. mars 2024 og gildir frá 1. febrúar 2024 og allt til ársins 2028, eða í fjögur ár. Hann innifelur prósentuhækkunir auk krónutöluhækkunar á lægstu launin ásamt framlæðniauka.

Launahlutfall framkvæmdastjóra	2024	2023
Launahlutfall framkvæmdastjóra	2,5:1	2,8:1

Launahlutfall framkvæmdastjóra er reiknað sem hlutfall af miðgildi launa allra starfsmanna.

UMHVERFISÞÆTTIR

Birta lífeyrissjóður hefur sett sér umhverfisstefnu sem er aðgengileg á vef sjóðsins og gerð er grein fyrir henni í ársskýrslu. Neðangreindum umhverfisþáttum er ætlað að gera sjóðnum mögulegt að mæla árangur af aðgerðum í umhverfismálum og eru þeir tilgreindir í samræmi við mat stjórnar og stjórnenda á helstu áhættuþáttum sem tengjast umhverfisþáttum í starfseminni.

Umhverfisstefna og Græn spor Birtu

Birta lífeyrissjóður lætur sig umhverfismál miklu skipta og hefur einsett sér að taka græn skref í starfsemi sinni. Hjá sjóðnum er til staðar umhverfisstefna og er tilgangur hennar að efla þekkingu á umhverfisáhrifum starfseminnar og leitast við að draga úr þeim. Umhverfisvitund endurspeglast í rekstri sjóðsins, stjórnun, ákvarðanatöku og daglegum störfum ásamt því að draga úr kostnaði. Sjóðurinn fékk ISO 14001 vottun á árinu 2021.

Markmið umhverfisstefnunnar eru eftirfarandi:

- Auka vægi stafrænnar þjónustu án þess að dregið verði úr þjónustustigi.
- Fara sparlega með orku, notast við vistvænar lausnir og lágmarka óþarfa orkunotkun.
- Minnka soun, flokka úrgang, endurvinna og draga úr notkun aðfanga eins og kostur er.
- Reka kolefnishlutlausu starfsemi með því að minnka kolefnisfótspor og kolefnisbinda í gróðri.
- Vistvæn innkaup á vörum og þjónustu og draga úr notkun einnota aðfanga.
- Grænt bókhald þar sem hægt er að draga fram upplýsingar um umhverfisáhrif af starfsemi sjóðsins.

Bein orkunotkun eftir orkutegund

Sjóðurinn hefur ekki tök á því að fá nákvæmar upplýsingar um rafmagns- og heitavatnsnotkun þar sem orkukostnaður er að mestu leyti innheimtur eftir notkun á sameiginlegum orkumælum og er reiknaður sem hlutfall af fermetrafjölda sjóðsins í húsnæði hans.

Sjóðurinn hefur starfsemi á 5. - 7. hæð Sundagarða 2. Hlutdeild sjóðsins í fermetrafjölda hússins er 50,99%. Notkun á heitu vatni jókst um 27,7% en notkun á köldu vatni dróst saman um 74,1% í rúmmetrum talið. Rafmagnsnotkun sjóðsins dróst saman um 1,2% mælt í kílóvattstundum á milli ára miðað við útreiknaða hlutdeild í rafmagnsnotkun alls hússins.

Óbein orkunotkun eftir tegund

Óbein orkunotkun er orkunotkun sem er hægt að rekja beint til starfsemi sjóðsins en á sér stað hjá öðrum aðilum, til dæmis flug og aðrar samgöngur.

Á árinu 2024 var farinn 31 (2023: 33) vinnutengdur flugleggur sem losaði um 10,1 (2023: 9,9) tonn af gróðurhúsa-lofttegundum sem er hækkun frá fyrra ári. Til að kolefnisjafna flugferðirnar þarf að gróðursetja 94 tré (2023: 94). Birta hefur komið upp Birtuskógi í Haukadal þar sem starfsemi sjóðsins er kolefnisjöfnuð og voru gróðursett 7.500 tré þar á árunum 2018 til 2020.

VIÐAUKI: ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF ÓENDURSKOÐAÐ

UMHVERFISÞÆTTIR, FRH.

Aðgerðir til að draga úr orkunotkun

Í starfsemi sjóðsins er lögð áhersla á orkusparnað og að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Markvisst er unnið að því að gera starfsemi sjóðsins umhverfisvænni. Hægt er að sækja flesta þjónustu sjóðsins rafrænt til að draga úr pappírs- og prentaranotkun. Einnig er búið að rafvæða lánaferli sjóðsins, bæði greiðslumat og undirritun gagna er rafræn. Pappírnotkun á starfsmann var um 906 bls. á árinu 2024 samanborið við 448 bls. á árinu 2023. Gætt er að því að pappír sem notaður er komi úr nytjaskógum.

Settar eru upp sparperur þegar perur eru endurnýjaðar en sparperur krefjast minni orku en glóperur. Sjóðurinn flokkar sorp og er endurnýtanlegum úrgangi komið til endurvinnslu og spilliefnum fargað á viðeigandi hátt.

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

Birta lífeyrissjóður hefur sett sér mannauðsstefnu, sérstakar reglur gegn einelti á vinnustað, samskipta- og siðareglur og reglur um hæfi lykilstarfsmanna. Neðangreindum þáttum er ætlað að gera sjóðnum mögulegt að mæla árangur tengdan félagslegum þáttum og eru þeir tilgreindir í samræmi við mat stjórnar og stjórnenda á helstu áhættuþáttum sem tengjast félagslegum þáttum í starfseminni.

Starfsmannavelta

Heildarstarfsmannavelta (e. total turnover) var 3,57% á árinu 2024. Einn starfsmaður lét af störfum á árinu og nýráðning var ein.

Fæðingarorlof

Birta er fjölskylduvænn vinnustaður og leitast eftir því að starfsmenn upplifi jafnvægi og geti samræmt starfsskyldur og fjölskylduábyrgð. Hugað er að jafnrétti kynjanna innan sjóðsins og eru feður hvattir til að taka fæðingarorlof ekki síður en mæður. Engir af starfsmönnum sjóðsins hófu töku fæðingarorlofs á árinu 2024.

Fyrirlestrar og fræðsla

Fyrirlestrar og fræðsluerindi af ýmsum toga eru haldin mjög reglulega fyrir starfsfólk sjóðsins. Annars vegar er um að ræða innanhússfræðslu þar sem starfsfólk upplýsir hvert annað og hins vegar eru það utanaðkomandi aðilar sem halda fyrirlestra hjá sjóðnum. Fræðslustundir námu um 1.010 klukkustundum árið 2024 og jafngildir það því að allir starfsmenn sjóðsins hafi að meðaltali hlotið 36 klukkustundir í þjálfun á árinu. Um 30% af fræðslustundum ársins voru vegna endurmenntunar, starfs- og sjþjálfunar sem starfsmenn þurfa á að halda til að viðhalda réttindum og hæfni til að sinna

Verkefni er lúta að þekkingarþróun og símenntun

Sjóðurinn styður stöðugt við þekkingarþróun. Nauðsynlegt er að uppfæra þekkingu starfsfólks samhliða breytingum og innleiðingu nýjunga. Starfsfólk sjóðsins býr yfir mikilli sérþekkingu og færni og stöðugt er leitað leiða til hagræðingar og framþróunar sem kallar á símenntun starfsfólks, ekki síst með tilkomu rafvæðingar sem snertir flest starfssvið sjóðsins.

Hlutfall starfsmanna sem undirgangast reglulegt frammistöðumat og eiga starfsþróunarsamtal

Allir starfsmenn sjóðsins eru boðaðir í starfsmannasamtal a.m.k. árlega. Þar er m.a. rætt um líðan í starfi, frammistöðu og starfsþróun almennt ásamt því að lagðar eru línur hvað varðar endurmenntun og þá fræðslu sem starfsmaðurinn þarf á að halda og hefur áhuga á að sækja á komandi ári.

Samsetning stjórnenda og starfsmanna eftir kyni og aldri

Hjá Birtu lífeyrissjóði starfar fjölbreyttur hópur starfsmanna. Í lok árs 2024 voru 28 starfsmenn í starfi hjá sjóðnum, þar af voru karlmenn um fjórðungur starfsmanna. Meðalaldur starfsmanna á árinu var 49 ár og meðalstarfsaldur starfsmanna 10,1 ár.

Jafnlaunavottun

Á árinu 2019 fékk Birta lífeyrissjóður jafnlaunavottun, fyrst lífeyrissjóða. Vísað er til ársskýrslu sjóðsins fyrir frekari upplýsingar um jafnlaunavottun.

VIÐAUKI: ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF ÓENDURSKOÐAÐ

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR, FRH.

Heildarfjöldi mikilsháttar kvartana vegna brota á reglum/lögum um persónuvernd og þjófnaður á upplýsingum um viðskiptavini

Hjá sjóðnum er til staðar persónuverndarfulltrúi. Staðfest er að engar kvartanir vegna brota á reglum eða lögum um persónuvernd bárust á árinu 2024 og engir öryggisbrestir eða leki á persónuupplýsingum átti sér stað á árinu.

Mannauðsstefna

Mannauðsstefna Birtu lífeyrissjóðs endurspeglar umhverfi sem styður við að starfsmenn nái markmiðum sínum og sjóðsins. Starfsfólki er búið gott starfsumhverfi sem styður við framþróun, árangur og ánægju og laðar að öflugra einstaklinga sem sjóðurinn vill hafa í sínum röðum. Mannauðsstefna sjóðsins fjallar um jafnvægi og vellíðan, starfsanda og liðsheild, framsækni og starfsþróun, hvatningu og endurgjöf, jafnrétti, starfskjör og starfsmannaval. Í stefnunni eru áréttuð markmið sjóðsins varðandi framangreinda þætti og leiðir að þeim. Mannauðsstefnan er endurskoðuð á ári hverju.

Mannréttindamál

Birta lífeyrissjóður er aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN-PRI). Reglurnar voru samdar af leiðandi lífeyrissjóðum og eignavörslufyrirtækjum víða um heim í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar og hafa margir af stærstu lífeyrissjóðum Vesturlanda undirgengist reglurnar.

Reglurnar eru leiðbeinandi fyrir stofnanafjárfesta um allan heim og fela í sér að þátttakendur skuldbinda sig til að taka tillit til umhverfislegra og félagslegra þátta við fjárfestingar sínar, auk þess sem lögð er áhersla á góða stjórnarhætti fyrirtækja sem fjárfest er í. Þar með falla reglurnar almennt vel að hlutverki og eðli lífeyrissjóða enda hafa þeir þýðingarmiklu samfélagslegu hlutverki að gegna og almenningur gerir kröfu um að þeir axli samfélagslega ábyrgð. Sérstök vefsíða, unpri.org, heldur utan um reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar, en þar má m.a. sjá lista yfir þau fyrirtæki og sjóði sem eru aðilar að þeim, reglurnar og annað tengt efni.

Birta tekur jafnframt virkan þátt í starfsemi IcelandSIF, samtaka stofnanafjárfesta um ábyrgar fjárfestingar, og hefur átt fulltrúa í stjórn samtakanna. Samtökin halda úti vefsíðu: icelandsif.is.

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

Stjórnarháttayfirlýsing Birtu lífeyrissjóðs vegna ársins 2024

Birta lífeyrissjóður starfar samkvæmt samþykktum sem samþykktar eru á ársfundi og staðfestar af fjármálaráðuneytinu í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Sjóðurinn lýtur eftirliti Seðlabanka Íslands (SÍ) og starfsemi hans er starfsleyfissskyld. Sjóðurinn varð til við samruna Sameinaða lífeyrisjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs og tók til starfa 1. desember 2016. Lífeyrissjóðir með fullgilt starfsleyfi eru skilgreindir sem eining tengd almannahagsmunum, sbr. staflíð b í 3. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um endurskoðendur nr. 94/2019, sbr. staflíð b í 9. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Stjórnarháttayfirlýsing Birtu lífeyrissjóðs byggist á lögum og reglum sem um sjóðinn gilda og á 6. útgáfu leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.

Sjóðurinn fylgir reglunum að svo miklu leyti sem þær eiga við um starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn leitast við að birta á heimasíðu sinni helstu reglur sem sjóðurinn fylgir en annars er vísað til heimasíðu Seðlabanka Íslands.

Lög, reglur og leiðbeinandi viðmið

Lög, reglugerðir, leiðbeinandi tilmæli og reglur SÍ sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða má finna á heimasíðu fjármálaeftirlits Seðlabankans, www.fme.is, undir flípanum Réttarheimildir.

Samþykktir Birtu og leiðbeinandi viðmiðunarreglur sem sjóðurinn fylgir má finna á vefnum birta.is. Þar má m.a. finna eigendastefnu, reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar, fjárfestingarstefnu og áhættustefnu.

VIÐAUKI: ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF ÓENDURSKOÐAÐ

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING, FRH.

Stjórn sjóðsins hefur meðal annars sett sér starfsreglur, verklagsreglur um verðbréfiðskipti stjórnar og starfsmanna, reglur um fjárfestingar og reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar og eru þær hluti af innri reglum sjóðsins.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringarkerfa

Samkvæmt 8. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 ber stjórn lífeyrissjóðs m.a. að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla.

Skv. reglum SÍ nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða er innra eftirlit skilgreint sem:

„... sérhver aðgerð af hálfu stjórnenda, stjórnar og starfsmanna til að stýra áhættu og auka líkur á að settum markmiðum verði náð við rekstur fyrirtækis eða stofnunar. Stjórnendur undirbúa, skipuleggja og stjórna þeim aðgerðum sem þörf er á innan fyrirtækis eða stofnunar til að veita hæfilega vissu fyrir að settum markmiðum verði náð.“

Innra eftirlit sjóðsins birtist m.a. í verklagsreglum sjóðsins og innri ferlum sem gilda um alla þætti í starfsemi hans, þ.m.t. bókhald, iðgjöld, lífeyri, veðskuldabréf, eignastýringu, rekstur og skjalastjórnun.

Regluvörður sjóðsins hefur eftirlit með viðskiptum stjórnarmanna og stjórnenda Birtu með fjármálagerninga. Auk þess heldur hann utan um upplýsingar um eignarhald þeirra í félögum og trúnaðarstörf þeirra fyrir félög. Þrátt fyrir að húsnæðislán teljist ekki til hagsmunatengsla er stjórn sjóðsins upplýst um það ef slík lán eru í vanskilum.

Samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða ber sjóðnum að starfrækja innri endurskoðunardeild eða semja við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast innra eftirlit. PwC tók við innri endurskoðun sjóðsins samkvæmt samningi á árinu 2024. Innri endurskoðandi sjóðsins er Jón Sigurðsson. Innri endurskoðandi vinnur í samræmi við samning um innri endurskoðun og leggur fram innri endurskoðunaráætlun fyrir endurskoðunarnefnd sjóðsins, sem hefur eftirlit með störfum innri endurskoðanda. Niðurstöður innri endurskoðunar eru kynntar fyrir endurskoðunarnefnd, stjórn og stjórnendum sjóðsins. Nánar er kveðið á um hlutverk og eftirlitsskyldur innri endurskoðanda í reglum SÍ nr. 577/2012.

Samkvæmt samþykktum sjóðsins skal ársreikningur sjóðsins vera endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Endurskoðandi sjóðsins er kjörinn á ársfundi eftir umsögn endurskoðunarnefndar. Á ársfundi 2024 var Jóhann Óskar Haraldsson, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte, kjörinn endurskoðandi sjóðsins. Fráfarandi endurskoðandi sjóðsins var Kristinn F. Kristinsson hjá PwC. Ársreikningur sjóðsins er endurskoðaður í samræmi við lög um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019 og alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Til staðar er ráðningarbref undirritað í september 2024 þar sem ábyrgð og skyldur endurskoðanda og stjórnenda eru skilgreind. Samskiptaáætlun endurskoðanda er lögð fyrir endurskoðunarnefnd til umfjöllunar.

Skv. 9. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 ber stjórn lífeyrissjóðs að setja áhættustefnu og móta eftirlitskerfi með áhættu sjóðsins.

Um áhættustýringu lífeyrissjóða gilda ákvæði laga og reglugerða, þ.m.t. reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Á grundvelli þessa hefur Birta sett sér áhættustefnu þar sem skilgreind er áhætta sem fylgir starfsemiinni og viðunandi mörk sett eftir því sem við á.

Nánar er fjallað um áhættustýringu sjóðsins í kafla 2.9 um áhættustýringu í ársskýrslu sjóðsins og í skýringu 18 í ársreikningi.

Samfélagsleg ábyrgð og siðferðisviðmið

Vinnugildi sjóðsins eru heiðarleiki, fagmennska og ábyrgð. Sjóðurinn leggur áherslu á að starfsmenn þekki gildin og tileinki sér þau í störfum sínum. Óskagildi sjóðsins er traust. Sjóðstjórn telur að sjóðurinn geti áunnið sér og viðhaldið því með vinnugildunum.

VIÐAUKI: ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF ÓENDURSKOÐAÐ

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING, FRH.

Stjórn sjóðsins og starfsmönnum er ljós sú ábyrgð sem því fylgir að hafa umsjón með fjármunum í eigu sjóðfélaga. Í ljósi þess hafa stjórn og starfsmenn sett sér sérstakar samskipta- og siðareglur sem ætlað er að stuðla að góðum starfsháttum og samskiptum á fjármálamarkaði.

Birta lífeyrissjóður er aðili að sáttmála SP um ábyrgar fjárfestingar (e. Principles for Responsible Investment). Það er mat stjórnar og stjórnenda Birtu að eðlilegt sé að byggja samfélagslega ábyrgð og siðferðisleg viðmið í fjárfestingum sjóðsins á grunninn þess sáttmála, enda er þar kveðið á um viðurkennd viðmið í alþjóðasamfélaginu að því er lýtur að umhverfislegum og félagslegum málefnum og góðum stjórnarháttum.

Í viðauka við ársreikning er að finna nánari upplýsingar um stjórnarhætti, umhverfis- og félagsmál.

Samsetning og starfsemi stjórnar, endurskoðunarnefndar og fjárfestingarteymis

Um starfsemi stjórnar vísast einkum til laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Stjórn fundaði alls 20 sinnum á árinu 2024. Varamaður var boðaður tvisvar sinnum á fund í forföllum aðalmanns. Varamenn voru auk þess boðaðir á tvo reglulega fundi stjórnar skv. starfsáætlun.

Starfsreglur stjórnar er að finna á heimasíðu sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er skipuð fulltrúum launamanna og atvinnurekenda að jöfnu. Stjórnin er skipuð átta mönnum og eru fjórir kjörnir af fulltrúum launamanna og fjórir kjörnir af samtökum atvinnurekenda. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár og eru tveir fulltrúar launamanna og tveir fulltrúar atvinnurekenda kosnir hvert ár. Tryggt er að kynjahlutföll í stjórninni séu í samræmi við ákvæði laga. Helmingi færri varamenn eru kosnir með sama hætti og til sama tíma og aðalmenn.

Í stjórn Birtu 2024-2025 sitja:

Valdir af fulltrúum launafólks:

Hafliði Kristjánsson

Fæddur: 1970

Menntun: Fiskeldisfræðingur

Starf: Sölustjóri hjá N1

Hafliði var kjörinn í stjórn Birtu lífeyrissjóðs árið 2024.

Hafliði á eignarhlut í fyrirtæki eða félagi sem er eitt af 20 stærstu greiðendum í Birtu.

Hafliði er virkur sjóðfélagi í Birtu lífeyrissjóði og borgar fyrirtækið sem hann starfar hjá iðgjöld til Birtu samkvæmt kjarasamningi.

Kjörinn til ársfundar 2026.

Hrönn Jónsdóttir, formaður stjórnar

Fædd: 1980

Menntun: Marmiðlunarhönnuður og prentsmiður

Starf: Online Writer hjá Marel Iceland hf.

Hrönn tók sæti sem varamaður í stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins árið 2013 og í stjórn Birtu lífeyrissjóðs frá árinu 2018. Hrönn er einnig varamaður í Starfsgreinaráði upplýsinga- og fjölmiðlagreina.

Hrönn á ekki eignarhlut í fyrirtæki sem á aðild að Birtu lífeyrissjóði.

Hrönn er virkur sjóðfélagi í Birtu lífeyrissjóði og borgar fyrirtækið sem hún starfar hjá iðgjöld til Birtu samkvæmt kjarasamningi.

Kjörin til ársfundar 2026.

VIÐAUKI: ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF ÓENDURSKOÐAÐ

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING, FRH.

Jakob Tryggvason

Fæddur: 1972

Menntun: M.a. diploma í hljóðtækni við Háskólann í Surrey og samsett nám úr fjölda tölvu- raf- og tæknigreina.

Starf: Formaður Félags tæknifólks og nýkjörinn formaður Rafiðnaðarsambands Íslands (2025).

Jakob tók fyrst sæti í stjórn Stafa lífeyrissjóðs árið 2011 og síðar í stjórn Birtu lífeyrissjóðs frá 2016 til 2020.

Jakob á ekki eignarhlut í fyrirtæki sem á aðild að Birtu lífeyrissjóði.

Jakob er virkur sjóðfélagi í Birtu lífeyrissjóði og borgar fyrirtækið sem hann starfar hjá iðgjöld til Birtu samkvæmt kjarasamningi.

Ásamt störfum fyrir Rafiðnaðarsambands Íslands er Jakob einnig í miðstjórn og framkvæmdastjórn sambandsins.

Jakob á sæti í lífeyrisnefnd ASÍ og er stjórnarformaður Menntasjóðs rafiðnaðarins.

Kjörinn til ársfundar 2025.

J. Snæfríður Einarsdóttir

Sagði sig úr stjórn í júní 2024. Bára Laxdal Halldórsdóttir varamaður í stjórn hefur setið fundi stjórnar í hennar stað starfsárið 2024-5.

Valdir af fulltrúum Samtaka atvinnulífsins:

Ólöf Linda Sverrisdóttir

Fædd: 1973

Menntun: MSc í auðstjórnun (Wealth Management), BSc í viðskiptafræði, CFA® leyfisbréf, útgefið af CFA Institute og próf í verðbréfavíðskiptum

Starf: Fjárstýring hjá Controlant hf.

Ólöf Linda var kjörin í stjórn Birtu lífeyrissjóðs árið 2024. Hún er einnig stjórnarmaður í Strindberg fjárfestingum ehf.

Ólöf Linda á eignarhlut í fyrirtæki eða félagi sem er eitt af 20 stærstu greiðendum í Birtu.

Kjörin til ársfundar 2025.

Sigurður R. Ragnarsson

Fæddur: 1965

Menntun: MSc í byggingaverkfræði

Starf: Stjórnarformaður Íslenskra aðalverktaka (ÍAV)

Sigurður tók fyrst sæti í stjórn Birtu lífeyrissjóðs árið 2021. Sigurður situr í framkvæmdastjórn Samtaka iðnaðarins sem varaformaður og í stjórn og framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins.

Sigurður á ekki eignarhlut í fyrirtæki eða félagi sem á aðild að Birtu lífeyrissjóði.

Kjörinn til ársfundar 2025.

Skúli Skúlason

Fæddur: 1970

Menntun: MSc og PhD í lyfjafræði. Próf í verðbréfamíðlun

Starf: Lyfsali í Íslandsapóteki

Skúli var kjörinn í stjórn Birtu lífeyrissjóðs árið 2024. Skúli er einnig stjórnarmaður hjá Íslandsapóteki, Viridis ehf. ásamt því að vera stjórnarformaður Lyfjaeftirlits Íslands.

Skúli á ekki eignarhlut í fyrirtæki/félagi sem á aðild að Birtu lífeyrissjóði.

Kjörinn til ársfundar 2026.

VIÐAUKI: ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF ÓENDURSKOÐAÐ

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING, FRH.

Póra Eggertsdóttir

Fædd: 1980

Menntun: MBA, Háskólinn í Reykjavík, próf í verðbréfamiðlun. M.Sc. í markaðsfræði, EADA Business School Barcelona, B.Sc. í viðskiptafræði (fjármál), Háskólinn í Reykjavík

Starf: Fjármálastjóri hjá Icelandia

Póra var kjörin í stjórn Birtu lífeyrissjóðs árið 2020. Hún er einnig varamaður í stjórn Norlandair.

Póra á ekki eignarhlut í fyrirtæki sem á aðild að Birtu lífeyrissjóði.

Kjörin til ársfundar 2026.

Upplýsingar um varamenn má nálgast á heimasíðu sjóðsins.

Lögð var könnun fyrir stjórn í febrúar 2025 þar sem spurt var út í stjórnarhætti. Helstu þættir í árangursmati voru eftirfarandi:

- Hlutverk og ábyrgð stjórnar
- Stjórnarfundir
- Frammistaða framkvæmdastjóra
- Undirnefndir stjórnar
- Skilvirkni áhættustýringar
- Virkni stjórnar í stefnumótun
- Inntak siðareglna

Fjárfestingarteymi Birtu lífeyrissjóðs

- Soffía Gunnarsdóttir forstöðumaður eignastýringarsviðs
- Loftur Ólafsson sjóðstjóri
- Kristín Jóna Kristjánsdóttir sjóðstjóri
- Tryggvi Guðbrandsson sjóðstjóri
- Árni Hjaltason sjóðstjóri

Meginhlutverk fjárfestingateymis er að fjalla um þá þætti í starfsemi sjóðsins sem lúta að fjárfestingum. Fjárfestingateymið er skipað starfsfólki eignastýringar sjóðsins. Ef áhættunefnd er mótfallinn tillögu um fjárfestingu er hún send stjórn til ákvörðunar

Áhættunefnd

- Sævarður Einarsson áhættustjóri
- Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri
- Kristján Geir Pétursson lögfræðingur
- Helga Dögg Yngvadóttir gæða- og skjalastjóri

Meginhlutverk áhættunefndar er að meta sjálfstætt áhættu af fjárfestingarstarfsemi sjóðsins. Áhættunefnd metur, eftir atvikum að höfðu samráði við formann og varaformann stjórnar, hvort vísa beri málum til stjórnar til ákvarðanatöku. Áhættunefnd tók til starfa í desember 2023. Um störf áhættunefndar gilda sérstakar starfsreglur.

VIÐAUKI: ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF ÓENDURSKOÐAÐ

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING, FRH.

Endurskoðunarnefnd

Um starfsemi endurskoðunarnefndar vísast til IX. kafla A laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Upplýsingar um endurskoðunarnefnd má finna á síðunni um Birtu á vefnum.

Samkvæmt starfsreglum nefndarinnar skal hún skipuð þremur mönnum og skal að minnsta kosti einn þeirra vera stjórnarmaður í sjóðnum. Á yfirstandandi starfsári hefur nefndin hins vegar verið skipuð tveimur fulltrúum úr stjórn, eða samtals fjórum einstaklingum en um tímabundna ráðstöfun er að ræða. Stjórn sjóðsins skipar formann nefndarinnar og tvo aðra í kjölfar ársfundar og eigi síðar en mánuði eftir ársfund. Sé nefndarmaður utanaðkomandi aðili skal hann tilnefndur á ársfundi. Formaður nefndarinnar skal vera óháður sjóðnum. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og a.m.k. einn nefndarmanna skal hafa staðgóða þekkingu á sviði reikningsskila og endurskoðunar. Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður sjóðnum í skilningi laga um ársreikninga.

Nefndin fundaði alls 9 sinnum á árinu 2024.

Starfsreglur endurskoðunarnefndar er að finna á heimasíðu sjóðsins.

Nefndir á grundvelli kjarasamnings ASÍ og SA, dags. 24. apríl 2018.

Á grundvelli kjarasamnings ASÍ og SA frá 24. apríl 2018 eru starfandi valnefndir launamanna og atvinnurekenda og nefnd um laun stjórnarmanna. Þá hefur fulltrúaráð launamanna á að skipa sérstakri kjörnefnd auk stjórnar fulltrúaráðs. Þessar nefndir eru hluti af stjórnskipan sjóðsins, á forræði aðila vinnumarkaðarins. Sjá nánar kafla um stjórnskipan í kafla 1.5 Stjórnarhættir í ársskýrslu sjóðsins.

Starfsreglur valnefndar launamanna og kjörnefndar má finna á heimasíðu sjóðsins.

Upplýsingar um framkvæmdastjóra sjóðsins og lýsing á helstu skyldum hans

Framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs er Ólafur Sigurðsson. Framkvæmdastjóri stjórnar daglegum rekstri sjóðsins í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda.

Fæddur: 1970

Dagsetning ráðningar: Ráðinn til starfa 11. október 2016. Birta lífeyrissjóður tók til starfa 1. desember 2016. Var áður framkvæmdastjóri Stafa lífeyrissjóðs. Ólafur er varamaður í stjórn Reiknistofu lífeyrissjóða, RL.

Menntun: Meistaragráða í erfðafræði frá Paris Lodron University of Salzburg, viðskipta- og rekstrarfræði frá endurmenntun Háskóla Íslands og lokið prófi í löggiltri verðbréfamiðlun.

Ólafur er virkur sjóðfélagi í Birtu lífeyrissjóði. Hann á ekki eignarhlut í fyrirtæki/félagi sem á aðild að Birtu lífeyrissjóði eða er í viðskiptum við sjóðinn.

Framkvæmdastjóri Birtu hefur yfirlit með daglegum rekstri sjóðsins. Hann hefur ákvörðunarvald í öllum rekstrar- og fjárhagslegum málefnum sjóðsins samkvæmt fyrirmælum stjórnar. Framkvæmdastjóri hefur verið metinn hæfur af Seðlabanka Íslands. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmdastjóri er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í lífeyrissjóðnum. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.

Annað

Samskipti sjóðsins við sjóðfélaga, sem varða ábendingar eða frávík, eru skráð og eftir atvikum vísað til stjórnar ef sérstaklega er óskað þess. Í samskipta- og siðareglum sjóðsins er jafnframt að finna leiðbeiningar um hvernig farið skuli með tilkynningar vegna brota á reglunum. Skal þeim beint til framkvæmdastjóra, regluvarðar og eftir atvikum formanns endurskoðunarnefndar.

Einnig eru til staðar reglur um meðferð kvartana.

Samskipta- og siðareglur sjóðsins sem og reglur um meðferð kvartana eru aðgengilegar á vefnum birta.is.

Sjóðurinn vinnur að stefnu um fjölbreytileika.

Financial Statements 2024

Birta lífeyrissjóður

Sundagörðum 2

104 Reykjavík

Reg. no. 430269-0389

CONTENTS

Endorsement and Statement by the Board of Directors and the Managing Director	2
Independent Auditor's Report	8
Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments	13
Balance Sheet	14
Statement of Cash Flows	15
Statement of Actuarial Position	16
Financial Indicators	17

ENDORSEMENT AND STATEMENT BY THE BOARD OF DIRECTORS AND THE MANAGING DIRECTOR

Operations of the Fund

Birta Pension Fund operates in accordance with its Articles of Association and Act No. 129/1997 on Mandatory Pension Savings and the Activities of Pension Funds. It also operates based on agreement between unions and employees of 19 May 1969, with later revisions. The purpose of Birta Pension Fund is to ensure that pension benefits are available to its members, their surviving spouses, and children in accordance with the Fund's Articles of Association as well as the Act on Mandatory Pension Savings and the Activities of Pension Funds. The accompanying report from the Board is published in accordance with the Financial Statements Act No. 3/2006 and the Regulation on Pension Fund Financial Statements No. 335/2015. The integrated financial statements of the Fund consist of the Financial Statement, the annual report, and information on the Fund's website.

Birta Pension Fund operates in two markets, Icelandic Mutual Insurance Market and Real Estate Mortgage Market. The Fund offers insurance in the form of mandatory pension savings, private pension savings and real estate mortgages for its members. The Fund's Mutual Pension Division provides minimal insurance protection in accordance with the Fund's Articles of Association and law and is the largest part of the Fund's operations. The Private Pension Division offers an addition to the retirement pension system in the form of private savings agreements. Fund members are eligible to take real estate mortgages from the Fund according to the Fund's credit rules.

The Fund's business model is based on receiving premiums from its members, investing them, and paying pension according to the Articles of Association as well as providing services. These core operations are supported by the Fund's organization, infrastructure, personnel, business development, and risk-based operations, thereby creating value for fund members as well as other stakeholders.

To support the Fund's core operations, an organizational chart approved by the Board of Directors is in place along with internal procedures and rules established by management. They also monitor the Fund's operations. Robust human resources are necessary for the Fund's operations. Business development supports the Fund by seizing opportunities in the external environment as well as supporting the core operations by implementing technical solutions to improve efficiency and effectiveness in operations. The Fund's operations are risk-based and specifically aim to manage risk according to the Board's risk tolerance and risk appetite. Further details on risk management can be found in Note 18 of the original Financial Statements.

Number of fund members, employers and contributions

The Fund is divided into three main divisions, Mutual Pension Division, Private Pension Division and Specified Personal Pension Division. At year-end, 103,750 individuals had benefits in the Mutual Pension Division. In 2024, 18,892 individuals paid contributions into the Mutual Pension Division and 7,766 employers. Active fund members, i.e. fund members who pay a regular contribution to the Fund each month, were 16,875. In 2024, total contributions paid to the Mutual Pension Division amounted to ISK 23,134 million. At year-end 2024, 31,390 individuals had benefits in the Private Pension Division. Active fund members in the Private Pension Division in 2024 were 2,544. In 2024, contributions paid to the Private Pension Division, before transfers of rights and repayments, amounted to ISK 1,094 million, an increase of 4% from the previous year. At year-end 2024, 2,357 individuals had benefits in the Specified Personal Pension Division. Active fund members in the Specified Personal Pension Division in 2024 were 1,567. In 2024, contributions paid to the Specified Personal Pension Division, before transfers of rights and repayments, amounted to ISK 615 million.

Number of pensioners and pension payments

In 2024, 18,767 pensioners on average received pension payments from the Mutual Pension Division totalling ISK 22,107 million. The number of pensioners increased by 5.7%. The Fund's legally required contribution to Rehabilitation Fund amounted to ISK 154 million. Pension payments from the Private Pension Division totalled ISK 1,165 million and 205 million in the Specified Personal Pension Division. The Fund's pension burden, i.e. pension payments as a percentage of contributions, was 95.3%, compared to 84.8% in the previous year.

ENDORSEMENT AND STATEMENT BY THE BOARD OF DIRECTORS AND THE MANAGING DIRECTOR

Investment income and operating costs

Net income from investments amounted to ISK 71,942 million, compared to ISK 53,369 million in the previous year. The Fund's operating costs, i.e. office and administration costs, amounted to ISK 1,013 million, compared to ISK 907 million in the previous year. Operating costs as a percentage of average balance of assets for the year were 0.15%, the same as in 2023. The number of full-time employees was 28.8 during the year and salary payments totalled ISK 610 million, including salary-related costs amounting to ISK 114 million.

Net assets for pension payments

Net assets for pension payments of the Mutual Pension Division totalled ISK 669,235 million at year-end, compared to ISK 599,484 million in the preceding year. Net assets of the Private Pension Division totalled ISK 22,952 million at year-end, compared to ISK 21,150 million in the preceding year. Net assets of the Specified Personal Pension Division totalled ISK 3,920 million at year-end, compared to ISK 3,148 million in 2023. In total, the assets of the Mutual Pension Division, the Private Pension Division and the Specified Personal Pension Division amounted to ISK 696,108 million, an increase from ISK 623,782 million at year-end 2023.

Return of assets

The Fund's nominal return was 11.36% in 2024, equivalent to a 6.29% rate of return in real terms as compared to a real return of 1.12% in 2023. The average long-term real return achieved by the Mutual Pension Division over the past 5 years is 3.06% and 3.99% over the last 10 years.

Actuarial position

An actuarial position for the Mutual Pension Division at year-end 2024 shows that the Fund's total liabilities exceeded total assets by 4.72% but exceeded total assets by 6.63% at year-end 2023. The assessment is based on actuarial criteria as described in regulation no. 391/1998 with later amendments.

At year end 2022, the Ministry of Finance and Economic Affairs approved new Articles of Association for the Fund where the acquisition of rights in the future is adjusted to different methods of evaluating life expectancy. As a result, each cohort earns different rights for the future according to the longer life expectancy of younger individuals. The Icelandic Actuarial Association predicts life expectancy to increase by two months every year. Therefore, it is assumed that the life expectancy of younger individuals will improve more than that of those who have already reached pension age. The Fund's reaction to these changes was presented at its Annual Meeting in 2023, where the future accumulation of rights was adjusted but no changes were made to accrued rights. Legal uncertainty surrounds changes in accrued rights based on to different life expectancies for each birth year but has been reduced with the Supreme court's ruling on this matter. Accrued liabilities are negative by 8.08% following the changes made in 2022. The Fund's actuarial position does not trigger changes in rights according to the law and its Articles of Association. Since it is below -5%, the Fund is not required to make corrections, as legal provisions state that it is unauthorized to operate the Fund for more than five years with an actuarial position below -5%.

Further details on the actuarial position can be found in the Fund's Statement of Actuarial Position and in Note 15 of the original Financial Statements.

ENDORSEMENT AND STATEMENT BY THE BOARD OF DIRECTORS AND THE MANAGING DIRECTOR

Events after the end of the fiscal year

From the end of the fiscal year until the date of signing, there have been no events material to the financial position of the Fund. When assessing materiality, the portfolio's assessed and expected market risk is evaluated monthly. Despite market fluctuations in 2024 and the ongoing war in Europe, the market's fluctuations since the beginning of the year have not exceeded what could be expected based on the current portfolio and risk distribution. ÍL-Sjóður has convened stakeholders to present a settlement proposal for HFF-bonds, which is dependent on stakeholder approval. The Board estimates that if the settlement proposal is approved it will not have a material impact on the Fund's financial position.

Both the Funds' actuarial position and cash flow statement indicate that the Fund can withstand temporary decreases in asset value as they appear to the Board of Directors between months and refers to discussion in the Fund's investment and risk policies as well as note 18 in the original Financial Statements.

Dissemination of information

In time for the Fund's annual meeting, Birta Pension Fund publishes an advertisement in newspapers detailing its activities and results for the year 2024. The Fund sends paying members a half-year summary of received premiums along with a calculation of earned pension rights and provides Fund members with a special calculator on the Fund's website to calculate expected pension rights. At the Annual General Meeting last year, presentations included the report of the Boards of Directors, the Funds' annual Financial Statements, investment policies and actuarial position. General information about Birta Pension Fund and its activities is available on the Fund's website.

Development of non-financial matters

The performance of the Fund's business model is evaluated annually, both qualitatively and quantitatively. Quantitative numerical information from the annual accounts is combined with qualitative opinion polls, usually published on a scale of 1 to 5, where 5 is the best score. The factors considered in the performance evaluation of the business model include recruitment and satisfaction of fund members, return on assets, actuarial position, performance evaluation of the Board, human resources, business development, costs, efficiency, risk-based operations and compliance with laws and regulations.

The performance evaluation of the Fund's key activities consists of evaluating three factors. Recruitment and satisfaction of fund members are evaluated through service surveys at the Fund's reception desk and by comparing historical data of active fund members. Looking at the average net real rate of return for the past 5 and 10 years the fund was above the 3.5% benchmark according to law. Further information regarding the rate of return can be found in the Key Indicators section. The Fund's actuarial position must be within the limits set by the Fund's Articles of Association and the law to provide minimal insurance protection. Reference is made to the summary of statement of actuarial position and Note 15 of the original Financial Statements for further information.

